


ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGI 05.11.2003. 1:1000



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU 1:1000

ADVEITUSTÖÐ 12 VIÐ TRIPPADAL GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Forsendur:

Markmið breytingarinnar er að stækka lóð aðveitustöðvarinnar þar sem koma þarf fyrir vararafstöð með samtals a.m.k. 1500kVA. Vararafstöðin samanstendur af þrem samtengdum díselrafstöðum og þarf því að koma fyrir u.þ.b. 10.000 lítra oliutanki innan lóðarinnar.

Vatnsvernd.

Svæðið er ekki lengur innan marka vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins líkt og var þegar skipulagið var upphaflega gert.

Lóð

Lóðarstærð fyrir breytingu er 2500m² að flatarmáli. Stækkun lóðar er 530m², lóðin er því 3030m² eftir stækkun. Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mælibleði. Þar sem misræmi er gildir mælibleði.

Byggingarreitur

Afmarkaður byggingarreitur er stækkaður úr 900m² í 1380m². Innan stækkunar byggingarreits er gert ráð fyrir hýsi fyrir háspennurofa, spennu og 400 V, þremur díselrafstöðvum í stálgrindarskýli og oliutanki. Heimilt er að staðsetja olíu- og sandskiljur utan byggingarreits. Hafa skal samráð um frágang mengunarvarna við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Byggingarskilmálar

Hámarksstærð grunnflatar nýrrar byggingar er 150m². Hámarks hæð húss er 4,5m frá gólfkóta en GK er 89,75. Ytra útlit byggingar skal vera í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru á lóðinni.

Frágangur lóðar

Lóðarhafi skal á sinn kostnað ganga frá öllu raski utan lóðar sem mögulega verður vegna framkvæmdanna. Að öðru leiti skal frágangur lóðar vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Matsskylda:

Deiliskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlna nr. 105/2006 þar sem framkvæmdin, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 er í flokki C í 1. viðauka laganna 3.20 Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar utan verndarsvæða.

Vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki ber framkvæmdaraðila að tilkynna leyfisveitanda.

Umhverfisáhrif:

Ekki er talið að framfylgd deiliskipulagsins hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Áhrif vegna mengunar er ekki talin neikvæð þar sem skilmálar eru settir að mengunarvarnir séu útfærðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Að öðru leiti er vísað í greinargerð deiliskipulagsins samþykkt 05.11.2003 ásamt áorðnum breytingum.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann _____ 20_____.

Birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20_____.



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

SKÝRINGAR

	MÖRK DEILISKIPULAGS
	LÓÐARMÖRK
	STÆKKUN LÓÐAMARKA
	BYGGINGARREITUR
	STÆKKUN BYGGINGARREITS
	JARÐSTRENGUR
	STOFNÆÐ HITAVEITU
	VEGUR
	GÖNGUSTÍGUR
	REIDGATA
	HELGUNARLÍNA ÞJÓÐVEGAR
	BÍLASTÆDAKVÖÐ

ADVEITUSTÖÐ 12 VIÐ TRIPPADAL STÆKKUN LÓÐAR VEGNA VARARAFSTÖÐVAR DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

KVARDI-A2: 1:1000	TEIKN NR:	
DAGS: 29.05.2019	HANNAÐ:	FK
FLOKKUR: 0-verk-0000-reyk-A	TEIKNAD:	HN
SKRÁ: 03042-m.dwg	VERKNR:	19034



Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Aðveitustöð 12 við Trippadal
Framkvæmdaraðili	Veitur
Sveitarfélag	Reykjavík
Tegund framkvæmdar	3.20 Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar utan verndarsvæða.

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Komið fyrir vararafstöð með samtals a.m.k. 1500kVA á stækkaðri lóð aðveitustöðvar. Vararafstöðin samanstendur af þrem samtengdum díselrafstöðvum og því þarf að koma fyrir u.þ.b. 10.000 lítra olíutanki innan lóðarinnar.

Var leitað umsagna?

Nei.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei. Núverandi lóð áveitustöðvar stækkuð um fimmtung og komið fyrir olútanki innan lóðar.
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Nei.
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Nei.
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Óverulegur.
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Framkvæmdinni fylgir ekki mengun en mengunarhætta eykst því komið er fyrir olíugeymslu á svæðinu.
Fylgir framkvæmd slyshætta?	Óveruleg.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:

Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Nei.
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar?	Nei en stutt í Rauðhólabólkvang handan Suðurlandsveggar.
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinnar vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei.
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei.
Vatnsverndarsvæði?	Óveruleg – í raun jákvæð áhrif því ástæða framkvæmdar er flutningur vararafstöðvar af brunnsvæði vatnsverndarsvæðis út af vatnsvernd.
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei en stutt í vatnasvæði Bugðu.
Víðerni?	Nei.
Votlendi eða strandsvæði?	Nei.
Landslag, ásynd svæðis eða landnotkun?	Óveruleg áhrif.
Jarðmyndanir (t.d eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei.
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei.
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei. Mengunarhætta færast fjær lífríki þó mengunarslys gæti haft áhrif á lífríki í Bugðu. Smávægilegt rask á gróðri við stækkun lóðar.
Loftgæði eða mengun?	Mengunarhætta minnkar með bættri staðsetningu og umgjörð forðatanks olíu frá núverandi ástandi innan vatnsverndarsvæðis. Engin áhrif á loftgæði.

Menningarminjar?	Nei.
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Jákvæð. Tryggt varaafli neysluvatnstöku til frambúðar og minni mengunarhætta fyrir vatnsból.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Svæði sem verður fyrir áhrifum er mjög lítið en um að ræða fimmtungsstækkun á núverandi lóð sem er fjarri byggð og því áhrif á fólk hverfandi. Jákvæð umhverfisáhrif fyrir vatnsvernd vegna flutnings olútanks út af vatnsverndarsvæði í Jaðri.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Einu mögulegu neikvæðu áhrifin er aukin mengunarhætta á olíumengun á nýjum stað og í nokkurri nálægð við Hólmsá. Mengunarvarnir verða útfærðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
Líkur á áhrifum	Smávægilegt gróðurask mun eiga sér stað. Líkur á neikvæðum áhrifum vegna olíumengunar litlar ef skilyrði um mengunarvarnir eru uppfyllt.
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Á ekki við.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Á ekki við.
Áhrif yfir landamæri	Á ekki við.

Niðurstaða

Framkvæmdin er ekki matskyld að mati Reykjavíkurborgar. Um er að ræða mikilvægan flutning varaafstsstöðvar vatnsveitu út af núverandi brunnsvæði vatnsverndar á svæði utan vatnsverndar. Mengunarhætta minnkar því með framkvæmdinni frá núverandi ástandi.

Skilmálar hafa verið settir um að mengunarvarnir fyrir nýjan olíutank verði útfærðir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og með því er tryggt að olíumengun geti ekki borist en stutt er í viðkvæman viðtaka (Bugðu) sem og í jaðarsvæði vatnsverndar handan Suðurlandsvegur.

Ákvörðun	Framkvæmd ekki matskyld.
Kærufrestur	(Fjórar vikur frá birtingu auglýsingar um ákvörðunina)

Reykjavík, dags. 10. maí 2019

Undirskrift